

Aðalfundur FNS 2021 verður haldinn miðvikudaginn 12. maí klukkan 15:00

á Zoom fundi

Á dagskrá verða hefðbundin aðalfundarstörf.

Einnig verður kosið verður um nýjar siðareglur.

HAFÐU ÁHRIF – VERTU MEÐ

Starfsemi FNS veltur á þátttöku félagsmanna. Fjöldi öflugra félagsmanna kemur að starfseminni með ýmsum hætti. Einfaldasta leiðin til að hafa áhrif er að taka þátt og óskar uppstillinganefnd eftir fólki í eftirfarandi embætti:

- Stjórn (3) þar af formaður
- Fræðslunefnd (3)
- Fagráð framhaldsskóla (1)
- Fagráð atvinnulífsins (2)
- Upplýsinga og kynningarnefnd (2)
- Kjararáð háskóla (2)

Áhugasamir hafið samband við uppstillingarnefnd:

- Rakel Ósk Reynisdóttir rakelosk@hi.is
- Lýdía Sigurdardóttir lydiasig@gmail.com
- Ásdís Birgisdóttir asdisbirgis@mh.is

Fundurinn verður á Zoom og verður krækja send á póstlista félagsins daginn fyrir fundinn.

Engin formleg skráning er á fundinn en við mælum með að fólk merki við „mæti“ á viðburðinn á Facebook <https://fb.me/e/XvtfOH4C>

Hlökkum til að sjá ykkur
Stjórnin

Tillaga að lagabreytingum sendar út með fundarboði á aðalfund FNS árið 2021.

Stjórn FNS leggur til breytingar á 10. grein laga félagsins.

10. grein er svohljóðandi:

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Formann skal kjósa sérstaklega. Stjórn félagsins skiptir með sér verkum. Við stjórnarkjör skal tryggt að ekki gangi fleiri en þrír úr stjórn í einu. Þegar formannsskipti verða er fráfarandi formaður ráðgefandi aðili fyrir stjórn fram til næstu áramóta. Ekki er heimilt að sitja lengur í stjórn en 4 ár í senn.

Breytingartillaga – viðbætur með rauðu lettri:

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Formann skal kjósa sérstaklega. Stjórn félagsins skiptir með sér verkum. **Skipa skal í hlutverk gjaldkera, ritara, upplýsinga/vefstjóra og varaformanns hið minnsta.** Við stjórnarkjör skal tryggt að ekki gangi fleiri en þrír úr stjórn í einu. Þegar formannsskipti verða er fráfarandi formaður ráðgefandi aðili fyrir stjórn fram til næstu áramóta. Ekki er heimilt að sitja lengur í stjórn en 4 ár í senn. **Formaður getur setið í því embætti í 4 ár óháð fyrri stjórnarsetu.**

Greinargerð

Stjórninni finnst ástæða til að tilgreina þessi hlutverk. Gjaldkeri og ritari hafa alltaf verið í stjórn auk þess sem hlutverk upplýsinga/vefstjóra hefur hlotið meira vægi í takt við aukna tækniþróun. Hlutverk varaformanns er hugsað sem staðgengill formanns.

Í lögum FNS er kveðið á um fjögur ár sem hámarkstíma í stjórnarsetu. Það segir okkur að ef stjórnarmeðlimur tekur að sér formennsku eftir 3 ár í stjórn getur hann einungis setið í 1 ár sem formaður.